



# Búmenn hsf.

Meðferð vátryggingarbóta

# Brunatryggingar

- Altjón telst þegar búsetuíbúð eyðileggst vegna vátryggingaratburðar og er bætt að fullu.
- Vátryggingabætur vegna altjóns geta verið gerðar upp með:
  - Vátryggingabætur vegna altjóns búsetuíbúðar greiddar til rétthafa.
  - Vátryggingabótum ráðstafað til endurbyggingar búsetuíbúðar.
  - Brunatrygging bætir ekki missi búsetugjalda en fasteignatrygging bætir Búmönnum þann missi.
- Skilmálar Sjóvá nr. 261 um brunatryggingar húseigna.
  - „**Vátryggður** er vátryggingartaki sem eigandi þeirrar húseignar eða húseignarhluta sem tilgreind er í vátryggingarskírteini. Vátryggingin er einnig til hagsbóta fyrir rétthafa að þinglýstum eignarrétti, veðrétti eða öðrum þinglýstum tryggingarréttindum.“

# Brunatryggingar

- Búmenn vátryggingartaki og því vátryggður í skilningi skilmálanna.
- Sjóvá telja búseturéttarhafa ekki rétthafa í skilningi skilmálanna.
- Búseturéttarhavar eiga óbein eignarréttindi í búsetuíbúð.
  - Kvöð á búsetuíbúð um ótímabundinn afnotarétt búseturéttarhafa.
  - Búseturéttur hefur verðgildi og gengur kaupum og sölu á markaði.
- Búseturéttarhavar sem misstu búseturétt vegna altjóns á búsetuíbúð eiga kröfu á Búmenn um hlutdeild í vátryggingabótum sem félagið fengi greiddar til sín.
- Heimilistrygging búseturéttarhafa getur bætt þeim tjón vegna afnotamissis og kostnaðar við flutninga.

# Fasteignatryggingar

- Búmenn hafa fasteignatryggingu hjá Sjóvá sem bætir ýmis konar tjón.
  - Vatnstjón algengast og þá skemmdir á séreign búsetuíbúða.
- Búmenn vátryggingartaki og rétthafi vátryggingabóta.
  - Búseturéttarhafa hafa ekki beinan rétt til vátryggingabóta vegna skemmda á séreign íbúða.
- Búmenn geta framkvæmt úrbætur eða samið við búseturéttarhafa um að annast þær gegn móttöku fjárhæðar sem nemur vátryggingabótum vegna viðkomandi tjóns.
  - Í slíkum tilvikum er rétt að gera samkomulag við búseturéttarhafa.

# Fasteignatryggingar

- Viðbætur sem búseturéttarhafar hafa fengið heimild að gera og kosta sjálfir.
  - Svalalokanir og pallar algengustu viðbætur við búsetuíbúðir.
- Endurmat á brunabótamati búsetuíbúðar ef fasteignatrygging Búmanna á að ná til slíkra viðbóta.
  - Allir gjaldaliðir sem byggja á brunabótamati viðkomandi eignar myndu hækka.
- Búseturéttarhafar geta keypt, í eigin nafni og kostnað, sérstaka tryggingu s.s. vegna svalalokana og palla.
  - Eðlileg leið og búseturéttarhafar beinir rétthafar tryggingabóta.